

Reykjavík, 12. apríl 2017

Úrskurður

Aganefnd KLÍ fundaði þriðjudaginn 11. apríl 2017 vegna tilkynningar starfsmanns KLÍ, dags. 10. apríl 2017, þar sem tilkynnt var að lið ÍR-NAS hefði ekki mætt til keppni í 3. deild karla mánudaginn 10. apríl 2017.

Haft var samband við Jón Kristinn Sveinsson, fyrirliða ÍR-NAS og óskað upplýsinga um hvers vegna það hefði ekki mætt umrætt sinn og öðrum sjónarmiðum sem liðið teldi að þyrfti að koma fram. Skýring hans var að þetta hafi verið yfirsjón af þeirra hálfu, þeir hafi verið í þeirri trú að þeir væru komnir í páskafrí. Ekki hefði verið um að ræða óvirðingu eða mótmæli, hvorki gagnvart KLÍ eða ÍR-T.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.e. tilkynningar starfsmanns KLÍ og skýringa ÍR-NAS

Í 11. gr. reglugerðar um aganefnd er m.a. kveðið á um heimild aganefndar til þess að refsliði sem ekki mætir til leiks án þess að hafa fyrir því gilda ástæðu. Getur refsing í því sambandi verið brottrekstur úr keppni, stigatap, bann á alla leikmenn liðsins og/eða sektir. Á ákvæði þetta við um allar liðakeppnir í A- og B mótum á vegum KLÍ.

Það er mat nefndarinnar, í ljósi þeirra skýringa sem gefnar hafa verið þar sem um yfirsjón af hálfu ÍR-NAS hafi verið að ræða, hafi liðið ekki haft slæman ásetning til að mæta ekki til leiks þannig að ekki komi til refsingar á grundvelli framangreinds ákvæðis.

Þrátt fyrir framangreint, er sérstaklega kveðið á um það í 9. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða að mæti löglega skipað lið ekki til keppni við lok upphitunar, skuli viðureignin úrskurðuð því liði töpuð og það lið sem mætir skal spila til að fá stigin. Segir síðan í 2. málslíð 9. gr. að sekta megi það lið sem ekki mætir um a.m.k. það sem nemur tvöfaldri brautarleigu.

Að mati nefndarinnar skal sekta lið sem ekki mætir til leiks nema veigamiklar ástæður samkvæmt 10. gr. reglugerðar KLÍ um Íslandsmót liða eigi við. Er það niðurstaða nefndarinnar að slíkt beri að gera.

Í ljósi framangreinds og þar sem ÍR-NAS mætti ekki til leiks í 3. deild karla mánudaginn 10. apríl 2017, er það niðurstaða aganefndar að sekta ÍR-NAS að fjárhæð sem jafngildir tvöfaldri brautarleigu.

Úrskurðarorð

ÍR-NAS greiði KLÍ sekt að fjárhæð sem jafngildir tvöfaldri brautarleigu

Gunnar Þór Ásgeirsson
Hörður Ingi Jóhannsson
Böðvar Már Böðvarsson